

Sp.

8. Tillaga til þingsályktunar

[8. mál]

um endurskoðun laga um kosningar til Alþingis.

Flm.: Svava Jakobsdóttir, Vilhjálmur Hjálmarsson, Stefán Gunnlaugsson,
Steinþór Gestsson, Björn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir næsta þing tillögur til breytinga á kosningalögum með það fyrir augum að auðvelda utankjörfundaratkvæðagreiðslu.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis getur utankjörfundaratkvæðagreiðsla innanlands aðeins farið fram hjá lögreglustjórum og hreppstjórum, og er því þeim, sem dveljast á sjúkrahúsum og hliðstæðum stofnunum, gert ómögulegt að neyta kosningarréttar, þótt dvalarstaðurinn sé heima á Íslandi. Í sömu lögum er svo mælt fyrir, að utankjörfundaratkvæðagreiðsla erlendis skuli fara fram í skrifstofu sendiráðs eða útsends aðalræðismanns, útsends ræðismanns eða vararæðismanns Íslands, eða kjörræðismanns, sem er íslenzkur ríkisborgari eða af íslenzku þjóðerni og mælir á íslenzka tungu. Utankjörfundaratkvæðagreiðsla getur því, samkvæmt þessu, farið fram á 20 stöðum erlendis í 12 þjóðlöndum.

Að undanfögnu hafa Íslendingar búsettir erlendis og þá einkum námsmenn borið fram mjög eindregnar óskir um, að þeim verði gert auðveldara en nú er að neyta kosningarréttar síns utan kjörfundar. Þeim námsmönnum, sem sækja menntun sína til annarra landa, hefur farið fjölgandi á síðustu árum og áratugum, og þeir eru dreifðari um löndin en áður var. Þessi þróun leiðir æ berlegar í ljós þá annmarka, sem eru á fyrirkomulagi utankjörfundaratkvæðagreiðslu. Er að vonum, að það valdi vaxandi óánægju meðal námsmanna, að þeir fá eigi neytt kosningarréttar síns, en það er kunnara en frá þurfi að segja, að námsmenn hafa hvorki fé né tíma til að sækja kjörfund um langan veg. Til marks um, hversu ófullnægjandi núverandi skipan utankjörfundaratkvæðagreiðslu er, má nefna, að í einu Norðurlandanna, Finnlandi, getur enginn utankjörfundaratkvæðagreiðsla farið fram.

Í júní 1970 var skipuð nefnd með fulltrúum frá dómsmálaráðuneytinu, Hagstofu Íslands og Sambandi íslenzkra sveitarfélaga, og var henni falið að athuga þau atriði í gildandi lögum um kosningar til Alþingis, sem til álita koma við framkvæmd kosninga. Nefndin skilaði greinargerð, dags. 14. jan. 1971, þar sem m. a. eru reifaðar hugmyndir um breytta skipan utankjörfundaratkvæðagreiðslu erlendis, og í bréfi, stífluðu til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, setur ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins fram hugmyndir um sama atriði. Enn hafa þó ekki verið lagðar fyrir Alþingi neinar tillögur til breytinga og úrbóta á þeim ákvæðum kosningalaganna, sem hér um ræðir.

Þessi tillaga er flutt til þess að knýja á um framhald þessa verks, og telja flutningsmenn, að ekki megi dragast lengur en fram á næsta þing að koma til móts við sanngjarnar kröfur námsmanna í þessum efnunum.

Enn um leið og ráðin verður bót á aðstöðu þeirra, sem dveljast erlendis, til þess að neyta réttar síns við alþingiskosningar, sýnist flm. eðlilegt að taka til endurskoðunar ákvæði um utankjörfundaratkvæðagreiðslu heima fyrir, svo að einnig þeim verði gert kleift að neyta kosningarréttar, sem ekki geta vegna heilsubrests ferðazt til hreppstjóra eða lögreglustjóra, en hafa til þess áhuga og heilbrigði að tjá hug sinn og taka afstöðu við kosningar.